




FORGANGSRÖÐUM RÉTT

Fjárlagatillögur SUS fyrir 2012



UNGIR
SJÁLFSTÆÐISMENN

Forgangsröðum rétt

Fjárlagatillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna fyrir árið 2012

SUS

Reykjavík, nóvember 2011

EFNISYFIRLIT

1.	Samantekt og kynning	4
2.	Sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna	5
2.1	Æðsta stjórn ríkisins	6
2.2	Forsætisráðuneytið	6
2.3	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	7
2.4	Utanríkisráðuneytið	9
2.5	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	10
2.6	Innanríkisráðuneytið	12
2.7	Velferðarráðuneytið	14
2.8	Fjármálaráðuneytið	15
2.9	Iðnaðarráðuneytið	16
2.10	Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	18
2.11	Umhverfisráðuneytið	19
2.12	Önnur mál – minnkum umsvif hins opinbera	20
UM SUS		22
UM SKÝRSLUNA		23

1. Samantekt og kynning

Fjármálaráðherra kynnti í byrjun október sitt þriðja fjárlagafrumvarp þar sem enn er gert ráð fyrir halla á rekstri ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að hallinn á rekstri ríkissjóðs nemi á næsta ári 17,7 milljörðum króna og gangi það eftir verður árið 2012 fimmta árið í röð þar sem ríkissjóður er rekinn með halla og hið fjórða í röð undir stjórn vinstri manna.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er þess utan gert ráð fyrir 3% hagvexti sem verður að teljast heldur bjartsýnt. Þess má geta að Seðlabanki Íslands gerir ráð fyrir mun minni hagvexti á næsta ári og aðstæður á erlendum mörkuðum, sem nú þykja ekki beysnar, eiga líkast til eftir að hafa meiri áhrif hér á landi á næstu misserum en höfundar fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir.

Samanlagður halli á árunum 2008 – 2012 verður því a.m.k. tæpir 540 milljarðar króna. Reikningurinn fyrir þessum halla verður sendur framtíðarskattgreiðendum sem munu þurfa að taka á sig óábyrgan rekstur vinstri manna á fjármálum ríkisins.

Það er þó rétt að taka fram að lítillega hefur verði skorið niður í ríkisfjármálum sl. tvö ár. Sá sparnaður er þó aðeins dropi í hafið og ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur haft lítinn kjark til að taka almennilega til í útgjaldaliðum ríkisins. Sparnaður ríkisstjórnarinnar hefur bitnað hvað mest á heilbrigðis- og velferðarþjónustu á landsbyggðinni sem verður að teljast undarlegt af ríkisstjórn sem kennir sig (ranglega) við norræna velferð. Eins og fram hefur komið í fjárlagatillögum ungra sjálfstæðismanna sl. tvö ár má skera verulega niður í rekstri hins opinbera án þess að það bitni á heilbrigðis- og velferðarkerfinu.

Líkt og fyrri ár gerir vinstri stjórnin enn ráð fyrir því að hækka skatta og svo virðist sem það sé orðið takmark núverandi fjármálaráðherra að slá eigið met í skattheimtu árlega. Á næsta ári verður kynntur til leiks bankaskattur sem ríkið kys að kalla fjársýsluskatt. Þá verður tekið upp viðbótarþrep á auðlegðarskatt auk þess sem hækka á kolefnisgjald og veiðigjald. Þá verður dregið úr frádráttarbærni iðgjalda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar frá tekjuskattstofni.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi á næsta ári 521,5 milljörðum króna. Á sama tíma er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins nemi um 539,2 milljörðum króna. Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) telur sem fyrr að vel sé hægt að spara í rekstri ríkisins og leggur hér til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um rúmlega 71 milljarð króna sem er nokkuð meira en SUS hefur lagt til fyrri ár. Verði farið að tillögum SUS má gera ráð fyrir hallalausum rekstri ríkissjóðs án skattahækkana vinstri stjórnarinnar auk þess sem ýmist væri hægt að lækka skatta eða greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Það má aldrei gleyma því að skattkerfið á aðeins að nota til að standa straum af nauðsynlegum rekstri ríkissjóðs. Að nota skattkerfið, og beita skattinnheimtu, sem jöfnunartæki eða til að fjármagna óþarfa verkefni er ekkert annað en þjófnaður af hálfu hins opinbera. Við yfirlestur fjárlaga fyrri ára má finna mikinn fjölda dæma þar sem stjórnmalamenn hafa misnotað skattkerfið til að greiða fyrir gæluverkefni og annan óþarfa.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins lagði nýlega fram efnahagstillögur sem fela í sér fjölgun starfa, lækkun skatta og aðgerðir í þágu heimila í landinu. Ungir sjálfstæðismenn fagna tillögum þingflokksins, þá sérstaklega áherslu þingflokksins á að fella úr gildi skattahækkanir vinstri stjórnarinnar. Þó telja ungir sjálfstæðismenn að þingflokkurinn gangi of skammt í átt til lækkunar ríkisútgjalda. Jafnframt telja ungir sjálfstæðismenn að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins eigi að fara sér hægt í að lofa opinberum aðgerðum í þágu atvinnulífsins. Nær væri að skapa atvinnulífinu svigrúm og draga úr völdum og áhrifum hins opinbera.

2. Sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna

Við yfirferð fjárlagafrumvarps næsta árs má sem fyrr sjá fjölmörg verkefni sem ekki eiga heima hjá hinu opinbera. Þar er ýmist um að ræða óþarfa verkefni eða verkefni sem betur væru komin í höndum einkaaðila.

Hér á eftir fara ítarlegar sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna sem þó koma ekki verulega niður á velferðar-, heilbrigðis- eða menntakerfinu. Í allflestum tilvikum er um að ræða atriði sem ekki er með nokkrum hætti hægt að réttlæta að skattfé almennings sé varið í. Rétt er að minna á að skatttekjur ríkisins verða ekki til af sjálfu sér heldur er fjármagn tekið út vösum vinnandi manna og því varið í fjölmörg verkefni sem ekki eiga heima hjá ríkinu.

Farið er yfir hvert ráðuneyti fyrir sig ásamt æðstu stjórn ríkisins. Í þar til gerðum töflum má finna þau atriði sem ungir sjálfstæðismenn telja ýmist að leggja megi niður eða færa úr höndum hins opinbera. Nánari skýringar fylgja í greinargerð með hverju ráðuneyti. Allar tölur eru í milljónum króna.

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á sparnaðartillögum SUS. Sem fyrr segir leggur SUS til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um rúman 71 milljarð króna. Eins og sjá má í töflunni eru sparnaðartillögurnar misviðamiklar. Þannig er lagt til að nær öll útgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins falli niður (96%) og stór hluti útgjalda iðnaðarráðuneytisins (88%) en lítið er hreyft við velferðarráðuneytinu (1%).

Sparnaðartillögur SUS gera ráð fyrir 20% sparnaði af beinum útgjöldum ríkisins, þ.e. þeim kostnaði sem fellur beint á ríkissjóð ef undan eru skilin þau verkefni sem fjármögnuð eru með öðrum hætti.

Ráðuneyti	Greitt úr ríkissjóði ¹	Sérstakar sparnaðartillögur SUS
Æðsta stjórn ríkisins	3.382,4	0,0
Forsætisráðuneyti	990,9	-452,5
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	60.181,4	-15.033,7
Utanríkisráðuneyti	9.306,3	-2.811,2
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	15.968,2	-15.366,4
Innanríkisráðuneyti	44.086,5	-21.088,2
Velferðarráðuneyti	163.371,8	-1.551,5
Fjármálaráðuneyti	50.801,7	-6.960,0
Iðnaðarráðuneyti	5.319,2	-4.705,3
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	1.696,3	-578,4
Umhverfissráðuneyti	4.389,8	-3.039,1
	359.494,5	-71.586,3

¹ Hér er aðeins átt við beint framlag úr ríkissjóði (brúttó) en ekki heildarkostnað ráðuneytisins með ríkistekjum

2.1 Æðsta stjórn ríkisins

Undir liðinn *æðsta stjórn ríkisins* fellur m.a. embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn Íslands, Ríkisendurskoðun og Hæstiréttur. Ungir sjálfstæðismenn leggja ekki til að þarna verði dregið úr útgjöldum í bili þó vissulega megi endurskoða þann gífurlega kostnað sem fylgir rekstri Alþingis.

Ólíkt stefnu ungra sjálfstæðismanna sl. ár, og jafnvel áratugi, telja ungir sjálfstæðismenn óþarft að leggja niður embætti forseta Íslands. Þess í stað er lagt til að embætti forseta og forsætisráðherra verði sameinuð en það mun gerast á lengri tíma.

2.2 Forsætisráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	2,5	-100%	-2,5
Hið íslenska fornrítaleg	10,0	-100%	-10,0
Efnahagsrannsóknir	40,0	-100%	-40,0
Jafnréttissjóður	10,0	-100%	-10,0
Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi	20,0	-100%	-20,0
Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna	6,0	-100%	-6,0
Ýmis verkefni	31,3	-100%	-31,3
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	12,7	-100%	-12,7
Óbyggðanefnd	27,9	-100%	-27,9
Atvinnuuppbygging og fjölgun vistvænna starfa	200,0	-100%	-200,0
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	92,1	-100%	-92,1

Sparnaðartillögur SUS -452,5

Eins og sjá má leggja ungir sjálfstæðismenn til rúmlega 450 milljóna króna beinan sparnað hjá forsætisráðuneytinu og er þar gengið mun lengra en í tillögum SUS frá því í fyrra.

Hvað þjóðgarðurinn á Þingvöllum varðar er, líkt og í fyrra, ekki lagt til að hann verði lagður niður heldur að rekstur hans verði tekinn af fjárlögum. Þjóðgarðurinn fær um 33 milljónir króna í aðrar tekjur og rétt er vinna að því að rekstur hans verði sjálfbær.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 46% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.3 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2012	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé	6,0	-100%	-6,0
Tilraunastöð HÍ að keldum	192,4	-100%	-192,4
Raunvísindastofnun Háskólans ²	367,0	-100%	-367,0
Stofnun Árna Magnússonar	280,2	-100%	-280,2
Rannsóknarmiðstöð Íslands	222,2	-100%	-222,2
Ritlauna- og ranns.sjóður prófessora	199,7	-100%	-199,7
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	276,4	-100%	-276,4
Rannsóknarsjóður	782,5	-100%	-782,5
Rannsóknarnámssjóður	96,0	-100%	-96,0
Nýsköpunarsjóður	20,0	-100%	-20,0
Menntastofnun ÍSL og BNA	10,4	-100%	-10,4
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	15,1	-100%	-15,1
Fræða- og þekkingarsetur	74,2	-100%	-74,2
Háskólasetur Vestfjarða	77,8	-100%	-77,8
Þekkingarsetur Suðurlands	14,5	-100%	-14,5
Reykjavíkúráðakademían	16,5	-100%	-16,5
Vísindastarfsemi	21,7	-100%	-21,7
Háskólastarfsemi	181,4	-100%	-181,4
Háskólar, óskipt	16,3	-100%	-16,3
Nám á framhaldsstigi v/ aðstæðna á vinnumarkaði	1240,0	-100%	-1.240,0
Þróunarsjóður fyrir starfsnám	300,0	-100%	-300,0
Vinnustaðanámssjóður	150,0	-100%	-150,0
Fornleifavernd ríkisins	85,2	-100%	-85,2
Þjóðminjasafn Íslands	381,7	-100%	-381,7
Þjóðmenningarhúsið	88,6	-100%	-88,6
Listasafn Einars Jónssonar	16,3	-100%	-16,3
Listasafn Íslands	159,0	-100%	-159,0
Kvikmyndasafn Íslands	43,4	-100%	-43,4
Náttúruminjasafn Íslands	22,1	-100%	-22,1
Gljúfasteinn - hús skáldsins	29,7	-100%	-29,7
Safnasjóður	99,1	-100%	-99,1
Söfn, ýmis framlög	152,7	-100%	-152,7
Fjölmiðlanefnd	29,1	-100%	-29,1
Harpa, tónlistarhús	553,6	-100%	-553,6
Viðhald menningarstofnana	121,2	-100%	-121,2
RÚV	3100,0	-100%	-3.100,0
Íslenski dansflokkurinn	118,2	-100%	-118,2

² Ekki er lagt til að Raunvísindastofnun HÍ verði lögð niður. Hins vegar er lagt til að 367 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði verði lagt af og að stofnunin lifi á sértekjum, sem nú þegar eru um 640 m.kr.

Þjóðleikhúsið	679,7	-100%	-679,7
Sinfóníuhljómsveit Íslands	647,3	-100%	-647,3
Launasjóður listamanna	488,9	-100%	-488,9
Húsafriðunarnefnd	47,2	-100%	-47,2
Listskreytingasjóður	1,5	-100%	-1,5
Kvikmyndamiðstöð Íslands	512,5	-100%	-512,5
Listir, framlög	760,3	-100%	-760,3
Ýmis fræðistörf	92,3	-100%	-92,3
Norræn samvinna	14,9	-100%	-14,9
Rammaáætlun ESB um menntun	1364,8	-100%	-1.364,8
Æskulýðsmál	188,5	-100%	-188,5
Ýmis íþróttamál	328,9	-100%	-328,9
Ýmislegt	346,7	-100%	-346,7

Sparnaðartillögur SUS -15.033,7

Sparnaðartillögur SUS á útgjöldum mennta- og menningarmálaráðuneytisins aukast um rúma 2 milljarða á milla ára en eins og sjá má í töflunni hér að ofan ver ráðuneytið fjármunum í fjöldann allan af óþarfa verkefnum. Víða er lagt til að verkefni eða stofnanir verði með öllu lögð niður og þá telur SUS að mikið svigrúm sé til staðar til að skera niður í framlagi til rannsóknarverkefna, enda slíkum verkefnum betur komið hjá menntastofnunum og einkaaðilum og rétt að þau séu fjármögnuð af öðrum en skattgreiðendum.

Það er ekki hlutverk hins opinbera að starfrækja söfn, hvað þá að skattgreiðendur séu látnir greiða fyrir þau. Á þessu eru engar undantekningar. Söfn eiga að vera í höndum einkaaðila sem fjármagna þau með styrkjum frá einkaaðilum og aðgangsgjaldi. Þá telja ungir sjálfstæðismenn jafnframt að rétt sé að efna til uppboðs á listmunum í eigu ríkisins.

Hvað Ríkisútvarpið (RÚV) varðar þá hefur það verið stefna SUS í áraraðir að rétt sé að einkavæða fyrirtækið, enda ekki hlutverk ríkisins að reka fjölmiðil. Rétt er að stíga skrefið til fulls sem fyrst og koma fyrirtækinu úr höndum ríkisins til einkaaðila.

Þó umrætt ráðuneyti heiti nú mennta- og menningarmálaráðuneytið er það ekki hlutverk hins opinbera að starfrækja menningu, enda var menningin til á undan ríkisvaldinu. Einstaklingar eiga að velja sér menningarafþreyingu sjálfir og hið opinbera hefur engan rétt til þess að mismuna einum menningarhópi umfram annan líkt og nú er gert. Þess vegna á ríkið að láta af styrkjum til tónlistarhússins Hörpu, Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitarinnar, Íslenska dansflokksins og annarra skyldra málaflokka. Rétt er að leggja fyrirnefndar stofnanir niður en í það minnsta breyta þeim í sjálfseignarstofnanir þar sem tekjur þurfa að duga fyrir rekstri.

Þá er það heldur ekki hlutverk ríkisins að starfrækja kvikmyndamiðstöð frekar en aðrar stofnanir utan um einstaka atvinnugreinar. Heyra má á máli kvikmyndaframleiðenda hér á landi að slík framleiðsla sé arðbær og því telur SUS að kvikmyndaframleiðendur skuli bera kostnað af framleiðslu kvikmynda en njóti þá um leið allrar arðsemi af slíkri framleiðslu.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 25% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.4 Utanríkisráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2012	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,5	-100%	-3,5
Samskipti við V-Íslendinga	6,0	-100%	-6,0
Þáttaka fullrúa vinnumarkaðar-ins í EFTA og EES samstarfi	2,5	-100%	-2,5
Kynning á menningu, listum og skapandi greinum á erlendri grund	12,0	-100%	-12,0
Mannréttindamál	4,0	-100%	-4,0
Þróunarsavinnustofnun	1.227,0	-100%	-1.227,0
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	1.556,2	-100%	-1.556,2

Sparnaðartillögur SUS -2.811,2

Líkt og sjá má á töflunni leggja ungir sjálfstæðismenn til að útgjöld utanríkisráðuneytisins verði skorin niður um rúma 2,8 milljarða króna, sem er mun meira en í tillögum SUS frá því í fyrra þegar lagður var til niðurskurður upp á rétt rúman milljarð króna.

Þar munar mestu um róttækar tillögur SUS þar sem lagt er til að Þróunarsavinnustofnun verði lögð niður auk þess að öll útgjöld til þróunarmála verði lögð af. Rétt er að endurhugsa öll atriði er varða þróunaraðstoð áður en stjórnámálamenn taka sig til og verja stórfelldu skattfé, í þessu tilfelli tæpum 3.000 milljónum króna, í þróunarmál. Stefna allra ríkja ætti að vera að auka alþjóðaviðskipti sem augljóslega myndi fela í sér aukin viðskipti við þróunarríki. Þannig verður til aukin velmegun í fátækari ríkjum heims.

Ekki er lagður til niðurskurður á rekstri sendiráða, jafnvel þó kostnaður við rekstur þeirra nemi nú um 2.800 milljónum króna. Þó er mikilvægt að ná fram hagræðingu í rekstri utanríkisþjónustunnar án þess að það skaði orðstír eða stöðu Íslands á erlendri grundu. Leita þarf leiða til að hagræða í rekstri sendiráða, s.s. að selja dýrar byggingar, sameina skrifstofur við önnur norræn sendiráð og svo framvegis.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 30% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.5 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2012	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,0	-100%	-3,0
Ýmis verkefni	336,0	-100%	-336,0
Fiskistofa	679,1	-100%	-679,1
Verðlagsstofa skiptaverðs	13,4	-100%	-13,4
Héraðs og Austurlandsskógar	117,6	-100%	-117,6
Suðurlandsskógar	92,6	-100%	-92,6
Vesturlandsskógar	50,5	-100%	-50,5
Skjólsskógar á Vestfjörðum	40,0	-100%	-40,0
Norðurlandsskógar	86,9	-100%	-86,9
Hafrannsóknarstofnun	1.332,0	-100%	-1.332,0
Veiðimálastofnun	103,6	-100%	-103,6
Matvælarannsóknir	406,2	-100%	-406,2
Rannsóknarsjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	221,8	-100%	-221,8
Bygging ranns.st. sjávarútvegsins	9,1	-100%	-9,1
Skrifstofa ranns.st. atvinnuveganna	55,7	-100%	-55,7
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	156,1	-100%	-156,1
Landgræðsla í þágu landbúnaðar	23,0	-100%	-23,0
Hagþjónusta landbúnaðarins	22,4	-100%	-22,4
Bændasamtök Íslands	404,1	-100%	-404,1
Framl.sjóður landbúnaðarins	25,0	-100%	-25,0
Greiðslur v. riðuveiki	47,3	-100%	-47,3
Bjargráðasjóður	10,0	-100%	-10,0
Gr. v/ mjólkurframleiðslu*	6.102,0	-100%	-6.102,0
Gr. v/ sauðfjáramleiðslu*	4.522,0	-100%	-4.522,0
Gr. v/ grænmetisframleiðslu*	507,0	-100%	-507,0

Sparnaðartillögur SUS -15.366,4

Þessu til viðbótar leggur SUS til að eftirfarandi verkefni verði tekin af fjárlögum, jafnvel þó þau séu fjármögnuð með sértekjum. Það skal þó tekið fram að ekki er um raunsparnað að ræða þar sem tekjur ríkisins myndu lækka á móti. Þeir sem fjármagna þessi óþörfu verkefni myndu þó spara stórfé. Önnur verkefni eru eftirfarandi:

Verkefnasjóður sjávarútvegsins	35,0	-100%	-35,0
Búnaðarsjóður	400,0	-100%	-400,0
Verðmiðlun landbúnaðarvara	405,0	-100%	-405,0
Fóðursjóður	1.400,0	100%	1.400,0
Fiskræktarsjóður	11,0	-100%	-11,0

Hér ganga ungir sjálfstæðismenn mun lengra en í tillögum sínum sl. tvö ár og munar mestu um að lagt er til að felldar verði niður allar greiðslur vegna mjólkur- sauðfjár og grænmetisframleiðslu. Ungir sjálfstæðismenn hafa lengið verið þeirrar skoðunar að rétt sé að afnema allar slíkar niðurgreiðslur. Þó er rétt að hafa í huga að ríkisvaldið hefur skapað bændum þessar aðstæður og það má færa rök fyrir því að ósanngjarnt væri að afnema umrædda styrki í einu vefangi. Í fjárlagatillögum SUS fyrir árin 2010 og 2011 var fjallað um umræddar niðurgreiðslur en ekki lagt til að þær yrðu lagðar niður á einu ári heldur væri sanngjarnara að gefa bændum lengri aðlögunartíma.

Það er hins vegar ekki hægt að réttlæta það að skattgreiðendur séu látnir greiða með margs konar hætti fyrir landbúnaðarvörur. Þess vegna leggja ungir sjálfstæðismenn til að allar fyrrnefndar greiðslur verði látnar falla niður. Bændur, neytendur og smásalar myndu aðlagast hratt að breyttum aðstæðum og í framhaldinu myndi mikil hagræðing eiga sér stað í íslenskum landbúnaði. Að sama skapi væri rétt að fella niður alla kvóta, s.s. kvóta í mjólkurframleiðslu.

Hvað aðra liði varðar þá leggja ungir sjálfstæðismenn til niðurskurð á flestum atriðum undir liðnum *ýmis verkefni* – þó með þeim fyrirvara að þar er að finna alþjóðlegar skuldbindingar, s.s. hafrannsóknir, alþjóðahvalveiðiráðið og fleira.

Þá á að leggja niður rekstur Hafrannsóknarstofnunar (Hafró) enda rétt að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sinni sjálfir því hlutverki sem Hafró sinnir nú. Þannig mætti t.a.m. leggja niður auðlindagjald sjávarútvegsins þannig að sjávarútvegfyrtæki gætu frekar fjárfest í hafrannsóknunum. Rétt er að geta þess að sértekjur Hafró nema nú um 890 milljónum króna þannig að vel væri hægt að leggja niður bein ríkisframlög til stofnunarinnar.

Hvað skógrækt og landgræðslu varðar telur SUS að slík verkefni eigi betur heima hjá landeigendum sjálfum. Í öllu falli mætti gera Landgræðslu ríkisins að sjálfseignarstofnun sem afla þyrfti sér tekna með öðrum hætti en að sækja þá í vasa skattgreiðenda. Það sama gildir um önnur skógræktarverkefni.

Líkt og áður leggja ungir sjálfstæðismenn til að framlag til Bændasamtaka Íslands verði afnumið en það nemur nú rúmlega 400 milljónum króna á ári. Ekki er hægt að réttlæta framlag skattgreiðenda til Bændasamtaka Íslands, né nokkurra annarra hagsmunasamtaka. Réttast er að samtökin fjármagni sig með öðrum hætti frá þeim sem eiga hagsmuna að gæta í landbúnaði.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 96% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.6 Innanríkisráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	8,4	-100%	-8,4
Neytendasamtökin ³	8,5	-100%	-8,5
Mannréttindamál	16,2	-100%	-16,2
Ýmislegt	17,6	-100%	-17,6
Ýmis framlög ráðuneytisins	14,4	-100%	-14,4
Slysavarnaskóli sjómanna	59,0	-100%	-59,0
Vegagerðin - rekstur ⁴	384,0	-100%	-384,0
Siglingastofnun Íslands	556,6	-100%	-556,6
Hafnarframkvæmdir	474,4	-100%	-474,4
Flugmálastjórn Íslands	244,6	-100%	-244,6
Flugvelli og flugleiðsöguþjónusta	1.808,0	-100%	-1.808,0
Póst- og fjarskiptastofnun	5,0	-100%	-5,0
Jöfnunarsjóður alþjónustu	42,4	-100%	-42,4
Fjarskiptasjóður	10,0	-100%	-10,0
Kristnisjóður	74,0	-100%	-74,0
Sóknargjöld	1.790,0	-100%	-1.790,0
Jöfnunarsjóður sókna	288,0	-100%	-288,0
Neytendastofa	148,6	-100%	-148,6
Talsmaður neytenda	14,5	-100%	-14,5
Jöfnunarsjóður sveitafélaga	15.132,4	-100%	-15.132,4

Sparnaðartillögur SUS -21.088,2

Innanríkisráðuneytið varð sem kunnugt er til við sameiningu tveggja ráðuneyta, dómsmálaráðuneytisins og samgöngu og sveitastjórnarráðuneytisins. Umsvif innanríkisráðuneytisins eru því þónokkur.

Hvað einstaka liði í ofangreindri töflu varðar þá telja ungir sjálfstæðismenn sem fyrr að Neytendastofa og embætti talsmanns neytenda séu með öllu óþarfa stofnanir og því ber að leggja þær niður hið snarasta. Neytendur og samtök þeirra eru fullfærir um að sinna því hlutverki sem þessar stofnanir sinna nú á þeirra kostnað.

Hvað Þjóðkirkjuna varðar telur SUS rétt að aðskilja ríki og kirkju. Það verður hins vegar ekki gert á einu bretti og því telur hópurinn rétt að gefa kirkjunni aðlögunartíma. Nánar er fjallað um Þjóðkirkjuna undir liðnum önnum mál hér aftast í skýrslunni. Ungir sjálfstæðismenn telja það þó ekki hlutverk ríkisins að innheimta sóknargjöld, hvort sem er fyrir þjóðkirkjuna eða önnur trúfélög enda rétt að þeir sem taka þátt í starfi trúfélaga standi straum af kostnaði vegna reksturs þeirra.

³ Hér er að sjálfsögðu ekki lagt til að Neytendasamtökin verði lögð niður enda um sjálfstæð félagasamtök að ræða. Hins vegar er lagt til að framlag ríkisins upp á 8,5 m.kr. verði afnumið.

⁴ Hér er eingöngu átt við beint ríkisframlag vegna rekstur Vegagerðarinnar. Rétt er að leggja Vegagerð ríkisins niður og fela verkefni hennar einkaaðilum en nánar er fjallað um það í lok skýrslunnar.

Líkt og í fyrra leggja ungir sjálfstæðismenn það til að Jöfnunarsjóður sveitafélaga verði strax lagður niður og öll útgjöld hans verði afnumin. Sjóðurinn er til þess fallinn að verðlauna illa rekin sveitafélög á kostnað þeirra sem sýna ráðdeild í rekstri og innheimta ekki hámarksútsvar af útsvarsgreiðendum. Fjárhagsleg staða flestra sveitafélaga í landinu er slæm en þar er fyrst og fremst um að kenna slæmum rekstri og mikilli útgjaldasýki stjórnámálamanna. Þeir kjörnu sveitastjórnarfulltrúar sem ekki kunna eða geta stjórnað rekstri sveitarfélaga af skynsemi þurfa að taka afleiðingum gjörða sinna en ekki þiggja verðlaun úr hendi skattgreiðenda líkt og þeir gera með fyrrnefndum jöfnunarsjóði. Jöfnunarsjóðurinn er stærsti einstaki útgjaldaliður ráðuneytisins (ef frá er talin Vegagerðin sem þó er fjármögnuð með sérstökum sköttum) og eins og sjá má telur sjóðurinn mest í sparnaðartillögum SUS.

Hvað aðra liði varðar þá leggja ungir sjálfstæðismenn það til að bæði Siglingastofnun Íslands (sem síðar meir ætti að sameinast rekstri LHG) og Flugmálastjórn verði teknar af fjárlögum. Báðar þessar stofnanir hafa miklar sértekjur og aðrar tekjur sem innheimtar eru með ríkistekjum. SUS leggur ekki til að stofnanirnar verði lagðar niður heldur að fyrrgreindar sértekjur verði látnar duga fyrir rekstri.

Hvað liðinn *flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* varðar leggur SUS til að allur rekstur flugvalla verði færður í hendur einkaaðila og þeir sem nýta sér þjónustu flugvalla greiði fyrir afnotin. Í framhaldinu er rétt að huga að einkavæðingu ISAVIA, sem annast rekstur flugvalla á Íslandi.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 48% af beinum útgjöldum ráðuneytisins ef frá eru talin umsvif Vegagerðarinnar en nánar verður vikið að þeim í lok skýrslunnar.

2.7 Velferðarráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	6,9	-100%	-6,9
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	17,1	-100%	-17,1
Ýmislegt	119,2	-100%	-119,2
Landlæknir	543,9	-40%	-217,6
Lýðheilsusjóður	25,7	-100%	-25,7
Vinnueftirlit ríkisins	263,7	-100%	-263,7
Ríkissáttasemjari	58,4	-100%	-58,4
Jafnréttisstofa	63,5	-100%	-63,5
Ýmis framlög	44,2	-100%	-44,2
Ýmis framlög velferðarráðuneytisins	60,2	-100%	-60,2
Vinnumál - ýmislegt	6,9	-100%	-6,9
Félagsmálaskóli alþýðu (ASÍ)	13,1	-100%	-13,1
Fæðingarorlof (sérframlag) ⁵	655,0	-100%	-655,0

Sparnaðartillögur SUS -1.551,5

Velferðarráðuneytið varð sem kunnugt er til við sameiningu tveggja ráðuneyta, heilbrigðisráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Hér er um langstærsta útgjaldaráðuneytið að ræða.

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er aldrei þessu vant að finna lið sem ekki er lagt til að lagður verði niður eða tekinn af fjárlögum í heild sinni. Hér er um embætti landlæknis að ræða. Sem kunnugt er var Lýðheilsustöð þó nýlega sameinuð embættinu og í fyrri fjárlagatillögum SUS var lagt til að Lýðheilsustöð yrði lögð niður. Með því að leggja alla þá starfsemi sem áður tilheyrði Lýðheilsustöð niður mætti minnka framlag skattgreiðenda til landlæknisembættisins um 40%, enda var Lýðheilsustöð með öllu óþörf. Það er ekki hlutverk hins opinbera að leggja einstaklingum línurnar um það hvernig þeir skuli haga lífi sínu. Þá eru aðrir aðilar betur til þess fallnir að sinna lýðheilsuverkefnum.

Þá ber að leggja niður embætti ríkissáttasemjara. Eðlilegt er að aðilar vinnumarkaðarins greiði sjálfir fyrir sáttapjónustu gerist þess þörf og á það jafnt við um opinbera starfsmenn sem aðra.

Réttast er að leggja Vinnueftirlit ríkisins niður og fela aðilum vinnumarkaðarins að annast, og um leið fjármagna, þau mál sem hún sinnir nú. Eina hlutverk ríkisins í þessu máli er að setja lög um öryggi og aðbúnað á vinnustað. Ef tjón verður á vinnustað og aðbúnaður er ekki í samræmi við reglur, verður vinnuveitandinn að jafnaði skaðabótaskyldur. Vinnuveitendur hafa því beinan hag af því að vera með aðbúnað á vinnustöðum í lagi.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 1% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

⁵ Ekki er lagt til að fella niður Fæðingarorlofssjóð í heild sinni heldur er hér um að ræða 655 m.kr. aukaframlag úr vösum skattgreiðenda í sjóðinn sem lagt er til að fallið verði frá.

2.8 Fjármálaráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	2,9	-100%	-2,9
Útgjöld skv. heimildarákvæðum	320,0	-100%	-320,0
Sérstakar vaxtaniðurgreiðslur	6.000,0	-100%	-6.000,0
Ríkisstjórnarákvarðanir	160,0	-100%	-160,0
Kjararannsóknir	11,8	-100%	-11,8
Framlög til stjórnmalaflokka	295,1	-100%	-295,1
Ýmsar nefndir	24,1	-100%	-24,1
Bankasýsla ríkisins	76,0	-100%	-76,0
Ýmis verkefni	70,1	-100%	-70,1

Sparnaðartillögur SUS -6.960,0

Hér leggja ungir sjálfstæðismenn til að sérstakt framlag vegna vaxtaniðurgreiðslu upp á 6.000 milljónir króna verði afturkallað. Til lengri tíma þarf að afnema vaxtabætur enda er það ekki hlutverk ríkisins að bæta skuldurum upp vaxtakostnað með því að seilast í vasa annarra.

Framlög til stjórnmalaflokka eru áberandi liður sem að sjálfsögðu ber að leggja niður. Skattgreiðendur eiga ekki að fjármagna stjórnmalaflokka tilneyddir. Réttast er að stjórnmalaflokkar fjármagni sig með styrkjum og frjálsum framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum og þannig verði lögum um fjármál stjórnmalaflokka afnumin.

Þá gefur augaleið að atriði eins og *ríkisstjórnarákvarðanir* og *ýmis verkefni* eiga ekki heima í fjárlögum enda ótækt að skattgreiðendur greiði fyrir skyndiákvarðanir stjórnmalamanna.

Þá telja ungir sjálfstæðismenn að leggja beri niður Bankasýslu ríkisins. Stofnunin er með öllu óþörf og allt tal ríkisstjórnarinnar um að tilvist stofnunarinnar hindri að pólitísk afskipti verði höfð af þessari starfsemi er augljóslega blekkingarleikur.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 14% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.9 Iðnaðarráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,0	-100%	-5,0
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	521,5	-100%	-521,5
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	4,0	-100%	-4,0
Tækniþróunarsjóður	725,0	-100%	-725,0
Endurgreiðsla v/ kvikmyndagerðar	153,5	-100%	-153,5
Átak til atvinnusköpunar	70,0	-100%	-70,0
Nýsköpun og markaðsmál - ýmis framlög ráðuneytisins	37,2	-100%	-37,2
Orkusjóður	31,2	-100%	-31,2
Ýmis orkumál	118,9	-100%	-118,9
Byggðaáætlun	305,0	-100%	-305,0
Byggðastofnun	309,1	-100%	-309,1
Ferðamálastofa	453,0	-100%	-453,0
Framkv.sjóður ferðmannastaða	48,0	-100%	-48,0
Ýmis ferðamál	511,9	-100%	-511,9
Niðurgreiðsla á húshitun	1.172,0	-100%	-1.172,0
Jöfnun kostn. v/ dreifingu raforku	240,0	-100%	-240,0

Sparnaðartillögur SUS -4.705,3

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins nema um 5,3 milljörðum króna og því ljóst að ekki verður mikið eftir af ráðuneytinu nái niðurskurðartillögur SUS eyrum stjórnvalda. Til lengri tíma ber að huga að því að sameina ráðuneytið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Ef horft er til einstakra liða í fjárlagatillögum SUS þá má byrja á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Miðstöðin fær nú rúmar 670 milljónir króna í sértekjur og engin ástæða er til þess að skattgreiðendur láti stofnuninni í té rúmar 500 milljónir til viðbótar. Réttast væri að gera stofnunina að sjálfseignarstofnun. Atvinnulífið í samstarfi við helstu menntastofnanir eru betur til þess fallin að stuðla að nýsköpun en ríkisvaldið.

Hið sama gildir um Tækniþróunarsjóð, þó hann njóti engra sértekna. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Slík verkefni eiga heima í höndum aðila vinnumarkaðarins.

Þá vekur athygli liðurinn *átak til atvinnusköpunar* sem kosta á skattgreiðendur 70 milljónir króna á næsta ári, samanborið við 140 milljónir króna í ár. Staðreyndin er samt sú að ríkið skapar ekki arðvænleg störf og þessu fjármagni er af þeim sökum illa varið.

Varðandi endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar hér á landi má nefna að samkvæmt lögum er heimilt að fá endurgreitt úr ríkissjóði ákveðið hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis. SUS leggst gegn sértækum fjáruútlátum sem þessum. Hafi stjórnvöld hug á því að laða erlenda kvikmyndagerðarmenn til landsins ber þeim að lækka skatta almennt og gera landið þannig eftirsóknarvert, m.a. til kvikmyndaframleiðslu.

Gert er ráð fyrir tæpum milljarði króna til niðurgreiðslu á húshitun og vegna dreifingar raforku. Nú er það svo að um 90% landsmanna hafa aðgang að jarðhita til að kynda hús sín. Íbúar þeirra svæða sem ekki hafa aðgang að jarðhita og kynda hús sín með raforku eða olíu njóta niðurgreiðslna á húshitun. Þeir sem kosið hafa að búa utan þéttbýlis, og njóta þeirra kosta sem það hefur upp á að bjóða, verða einnig að vera tilbúnir að greiða fyrir aukakostnað sem hlýst af fjarlægð við aðra byggð. Að niðurgreiða húshitunarkostnað er eins og að niðurgreiða fasteignaverð þeirra sem búa miðsvæðis í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir tæpum 615 milljónum króna til byggðaaætlunar og reksturs Byggðastofnunar. Hið opinbera á ekki að reka byggðaaætlun af neinu tagi.

Einnig er gert ráð fyrir tæpum 620 milljónum króna til reksturs Ferðamálastofu og ýmissa ferðamálatengdra verkefna. Ferðamálastofa sér um ýmis málefni tengd ferðaþjónustu, en um er að ræða markaðsmál, samræmingu upplýsinga, alþjóðlegt samstarf o.fl. að ógleymdri útgáfu leyfa til ferðaskipuleggjenda. Engin rök eru til þess að ferðaþjónusta sé leyfis skyld starfsemi en sé vilji fyrir því, ætti leyfisveitingin frekar að vera á hendi dómsmálaráðuneytis eða sýslumanna. Að öðru leyti er um að ræða starfsemi sem ferðaþjónustuaðilar geta sjálfir staðið fyrir ef vilji stendur til þess.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 88% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.10 Efnahags- og viðskiptaráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	2,1	-100%	-2,1
Ýmis verkefni	50,5	-100%	-50,5
Samkeppniseftirlitið	325,8	-100%	-325,8
Jöfnun flutningskostnaðar	200,0	-100%	-200,0

Sparnaðartillögur SUS -578,4

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið er sem betur fer ekki umsvifamikilið ráðuneyti og því gefst takmarkað svigrúm til þess að leggja fram róttækar sparnaðarillögur á útgjöldum ráðuneytisins.

SUS lagði til í fyrra að Samkeppniseftirlitið yrði lagt niður í heild sinni. Um það eru skiptar skoðanir meðal ungra sjálfstæðismanna og því er það ekki lagt til nú. Þó er lagt til að stofnunin verði tekin af fjárlögum og fjármögnuð með öðrum hætti. Þannig ættu sektir, afgreiðslugjöld og fleira að fjármagna stofnunina.

Að sama skapi mætti endurskoða fjárveitingu til Fjármálaeftirlitsins (FME). Starfsemi FME er að vísu fjármögnuð með sérstökum gjöldum á fjármála- og váttryggingafélög þannig að ekki er um beint framlag skattgreiðenda að ræða.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 34% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.11 Umhverfissráðuneytið

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að eftirfarandi liðir verði teknir af fjárlögum:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	2,9	-100%	-2,9
Rannsóknir á botndýrum	13,0	-100%	-13,0
Umvæðing	12,5	-100%	-12,5
Skógræktarfélag Íslands	35,2	-100%	-35,2
Vernd Breiðafjarðar	7,8	-100%	-7,8
Ýmis verkefni	49,6	-100%	-49,6
Ýmis framlög ráðuneytisins	78,2	-100%	-78,2
Náttúruvæðing, st. við Mývatn	22,2	-100%	-22,2
Vatnajökulsþjóðgarður	353,6	-100%	-353,6
Landgræðsla ríkisins	578,3	-100%	-578,3
Skógrækt ríkisins	234,2	-100%	-234,2
Hekluskipting	20,2	-100%	-20,2
Landmælingar Íslands	245,0	-100%	-245,0
Náttúrufræðistofnun Íslands	574,4	-100%	-574,4
Náttúrustofur	83,7	-100%	-83,7
Stofnun Vilhjalms Stefánssonar	29,0	-100%	-29,0
Veðurstofa Íslands (ríkisframlag)	699,3	-100%	-699,3

Sparnaðartillögur SUS -3.039,1

Heildarútgjöld umhverfissráðuneytisins eru um 8,6 milljarðar en þar af eru tæpir 4,4 milljarðar greiddir beint úr ríkissjóði. Sparnaðartillögur SUS ganga verulega á ráðuneytið og ljóst að verði þær er að veruleika yrði hægt að leggja ráðuneytið niður og færa nauðsynleg verkefni þess undir önnur ráðuneyti.

Það gefur augaleið að skattgreiðendur eiga ekki að standa undir rekstri þjóðgarða. Rekstur þjóðgarða þarf að vera sjálfbær. Hið sama má segja um Landgræðslu og Skógrækt ríkisins.

Hvað Landmælingar Íslands varðar telur SUS að leita þurfi leiða til að afla stofnuninni aukinna sértekna, t.d. með sölu á kortum og gögnum sem stofnunin hefur unnið. Sértekjur stofnunarinnar nema nú þegar tæplega 150 milljónum króna. Hið sama gildir um Náttúrufræðistofnun Íslands sem aflar sér nú þegar tæplega 100 milljóna króna sértekna.

Svipaða sögu er að segja um Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir því að sértekjur veðurstofunnar verði rúmar 860 milljónir króna á næsta ári, sem er rúmlega 200 milljónum kr. hærra en framlag skattgreiðenda. Ekki er lagt til að veðurstofan verði lögð niður en taka þarf stofnunina af fjárlögum og huga að einkavæðingu hennar.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur samkvæmt tillögum SUS verið um 69% af beinum útgjöldum ráðuneytisins.

2.12 Önnur mál – minnkum umsvif hins opinbera

Þær sparnaðarillögur sem hér hafa verið lagðar til fela í sér niðurskurð upp á rúman 71 milljarð króna. Með 5% flatri hagræðingarkröfu á öll ráðuneyti væri hægt að spara skattgreiðendum um 14,5 milljarða aukalega.

Hins vegar eru enn fjölmörg verkefni sem hægt væri ýmist að leggja niður eða færa frá hinu opinbera. Fjölmörg verkefni eru fjármögnuð með sérstökum ríkistekjum, s.s. rekstur Vegagerðarinnar, flutningur olíuvara, Umferðarstofa o. fl.

Rétt er að færa eftirfarandi verkefni úr höndum hins opinbera:

Ráðuneyti	Stofnun/verkefni	Upphæð:
Mennta- og menningarmála-	LÍN	7762
Mennta- og menningarmála-	Jöfnun á námskostnaði	563,2
Mennta- og menningarmála-	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	628,6
Utanríkis-	Íslandsstofa	439,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðar-	Matvælastofnun	790,4
Innanríkis-	Þjóðkirkjan	1.333,0
Innanríkis-	Þjónusta vega	3.010,0
Innanríkis-	Viðhald vega	4.679,0
Innanríkis-	Vegaframkvæmdir	5.976,0
Innanríkis-	Styrkir til ferja og sérl.hafa	936,0
Innanríkis-	Styrkir til innanlandsflugs	284,0
Innanríkis-	Umferðarstofa	243,3
Fjármála-	Barnabætur	8.262,0
Fjármála-	Vaxtabætur	11.325,0
Efnahags- og viðskipta-	Flutningssjóður olíuvara	430,0

Umsvif hins opinbera
myndu minnka um: 46.661,5

Hér er úr mörgu að taka. Ríkið á ekki að reka sérstakan lánasjóð og því ber að leggja Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) niður með tímanum. Það væri þó með öllu óraunhæft að gera slíkt á einu ári og kippa þannig fótunum undan þeim sem nú þegar hafa fengið vilyrði fyrir lánum. Þó ætti að huga að því að leggja niður LÍN og færa verkefni sjóðsins til einkaaðila.

Jafnframt má setja spurningamerki við það hvort það sé hlutverk hins opinbera að reka bókasafn. Slíkt safn ætti að vera í höndum einkaaðila eða háskóla.

Einnig mætti leggja niður Íslandsstofu (sem áður hét Útflutningsráð) jafnvel þó að rekstur hennar sé fjármagnaður með sérstökum gjöldum. Nauðsynleg verkefni hennar myndu deilast niður á utanríkisráðuneytið annars vegar og viðeigandi einkaaðila hins vegar.

Eins og sjá má eru umsvif innanríkisráðuneytisins töluverð í töflunni hér að ofan. Það má helst rekja til Vegagerðar ríkisins sem með tímanum má leggja niður eða færa í hendur einkaaðila. Rekstur og útgjöld á vegum Vegagerðarinnar er að mestu leyti fjármagnað með óbeinum sköttum, s.s. bensíngjaldi o. fl. Með tíð og tíma er rétt að einkaaðilar sjái um rekstur og þjónustu við vegi landsins og innheimti um leið gjöld af þeim sem vegina nota.

Einnig ber að leggja niður alla styrki til innanlandsflugs sem og styrki til ferja og sérleyfishafa. Enginn einn aðili á að hafa sérleyfi á því að flytja farþega á milli staða.

Umferðarstofa er einnig fjármögnuð með öðrum gjöldum og sköttum. Leggja ber Umferðarstofu niður og færa nauðsynleg verkefni hennar til annarra stofnana. Þá lítur SUS svo á að *áróðurshlutverk* Umferðarstofu sé óþarft og að tryggingafélög hafi sýnt að þau geti vel sinnt slíku hlutverki, enda er það hagur þeirra að fækka slysum í umferðinni. Nauðsynleg umsýsla Umferðarstofu, s.s. skráning ökutækja o. fl. mætti færa til sýslumannsembætta.

Til lengri tíma ber að leggja niður vaxtabætur enda ótækt að þeir sem kosið hafa að taka lán fái fyrir það bætur frá öðrum skattgreiðendum. Þá er rétt að taka upp frekari tekjutengingu á greiðslum barnabóta. Ávallt skal hafa í huga að velferðarkerfið á að virka fyrir þá sem nauðsynlega þurfa á því að halda. Rétt er að minna á að nota á skattkerfið sem tekjuöflun fyrir nauðsynlegum verkefnum ríkissjóðs, ekki sem tekjujöfnunarverkfæri. Því þarf að endurskoða hina ýmsu málaflokka, s.s. þá sem taldir eru upp hér að ofan. Með því að lækka skatta umtalsvert mætti með tímanum leggja niður greiðslur barna- og vaxtabóta.

UM SUS

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) er samband allra svæðisbundinna sjálfstæðisfélaga fólks á aldrinum 15 til 35 ára. Félögin eru 38 talsins. Um 13.000 ungir sjálfstæðismenn eiga aðild að félögum sambandsins, sem var stofnað á Þingvöllum 27. júní árið 1930. Sambandsþing eru haldin annað hvert ár í ágúst eða september þar sem formaður og stjórnarmenn úr öllum kjördæmum landsins eru kjörnir til tveggja ára. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega. Framkvæmdastjórn, sem fer með daglegan rekstur sambandsins, kemur saman vikulega. Skrifstofa sambandsins er í Valhöll við Háaleitisbraut 1.

Stjórn

Davíð Þorláksson, formaður
Helgi Ólafsson, 1. varaformaður
Egill Örn Gunnarsson, 2. varaformaður
Ari Guðjónsson, gjaldkeri
Laufey Rún Ketilsdóttir, ritari
Ásdís Halla Arnardóttir
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Bjarki Már Baxter
Egill Ásbjarnarson
Hilmar Freyr Kristinsson
Hlynur Jónsson
Magnús Óskarsson
Ólafur Hannesson
Sævar Guðmundsson
Benedikt Hallgrímsson
Friðrik Sigurðsson
Jóhannes Stefánsson
Margrét Bjarnadóttir
Rafn Steingrímsson
Víðir Smári Petersen
Atli Víðir Arason
Böðvar Sturluson
Dagný Jónsdóttir
Rúnar Ólason
Auðbergur Gíslason
Elín Káradóttir
Jón Orri Guðjónsson
Ragnar Sigurðarson
Friðrik Sigurbjörnsson
Hildur Gunnarsdóttir
Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir
Vilhjálmur Sveinsson

Varastjórn

Anton Egilsson
Árni Freyr Magnússon
Ingimar Tómas Ragnarsson
Ingvar Smári Birgisson
Karl Sigurðsson
Ólafur Egill Jónsson
Rakel Lúðvíksdóttir
Guðrún Lilja Sigurðardóttir
Karítas Ólafsdóttir
Sævar Már Gústavsson
Lára Hólm Heimisdóttir
Snævar Sölvi Sölvason
Gauti Elfar Arnarsson
Esther Bergsdóttir
Guðmundur G. Guðmundsson
Haraldur Pálsson

UM SKÝRSLUNA

Skýrsla þessi var unnin af málefnanefnd SUS og samþykkt af stjórn SUS.

Efni hennar er byggt á hugmyndavinnu þessa fólks auk þess sem stuðst er við ályktanir sem samþykktar hafa verið á málefnaþingum og sambandsþingum SUS.



Samband ungra sjálfstæðismanna
Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík

515-1700
sus@xd.is
www.sus.is